

Ed.

103. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjéraðs.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson og Magnús Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á næsta sumri framkvæma nákvæma rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjéraðs, bæði leiðina yfir Fjarðarheiði að Egilstöðum og Vestdalsheiði að Eidum.

Niðurstaða rannsókna, svo og áætlun kostnaðar við vegagerð þessa, leggist fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Það hefir lengi verið almenn ósk íbúa Seyðisfjarðarkaupstaðar, að bílvegur yrði lagður frá kaupstaðnum upp í Fljótsdalshjérað. Mundi slíkur vegur verða til mikilla hagsbóta bæði fyrir kaupstaðinn og hjéraðið.